DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Svansmerkið · Prentgripur 1041 0858

Nr. 2716 Síðan 1968 56. árgangur

Fimmtudagur 31. ágúst 2023

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss



Ljósmynd: Berglind Jónasdóttir.

Afrekshugur afhjúpaður

Afsteypa af styttunni Afrekshugur, eftir Nínu Sæmundsson, var formlega afhjúpuð á Hvolsvelli þriðjudaginn 22. ágúst. Dagurinn var valinn sérstaklega þar sem að 22. ágúst var einmitt afmælisdagur listakonunnar.

Fjöldi fólks lagði leið sína á miðbæjartúnið til að verða vitni að afhjúpuninni. Friðrik Erlingsson, sem hefur borið hitann og þungann af verkefninu, setti athöfnina og stýrði henni. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpaði gesti áður en hann afhjúpaði styttuna formlega ásamt elsta árgangi leikskólans Öldunnar. Eftir að búið var að draga af styttunni þá sungu leikskólabörnin, með dyggri aðstoð Öðlingana, lagið Fyrr var oft í koti kátt.

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra flutti einnig ávarp þar sem hann sagði meðal annars frá aðkomu ríkisstjórnarinnar að verkefninu. Nánar um afhjúpun Afrekshuga má lesa á dfs.is.

Forréttindi að geta stundað sportið á Íslandi



Ítalski Selfyssingurinn Stefán Orlandi landaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í síðustu umferð Íslandsmeistaramótsins í kappakstri mótorhjóla síðastliðinn sunnudag, eftir að hafa verið í fyrsta sæti í öllum umferðum mótsins. Stefán lauk keppni með 145 stigum. Á eftir honum kom Ingólfur Snorrason með 101 stig og í þriðja sæti var Jóhann Leví Jóhannsson með 92 stig. Við náðum Stefáni á smá tal í skemmtilegu viðtali sem má lesa á bls.4.

Midgard hlýtur Samfélagsviðurkenningu Rangárþings eystra



Midgard base camp á Hvolsvelli hlaut Samfélagsviðurkenningu frá Rangárþingi eystra á Kjötsúpuhátíð um helgina. Var þetta í fyrsta sinn sem sveitarfélagið veitti slíka viðurkenningu.

Leitast var eftir tilnefningum frá íbúum, en viðurkenningin er veitt þeim einstaklingi, fyrirtæki, stofun eða félagasamtökum í sveitarfélaginu sem þykir standa sig afburða vel í að efla samfélagið og hafa, með gjörðum sínum og framgöngu, látið gott af sér leiða og verið öðrum góð fyrirmynd.

„Eigendur og starfsfólk hjá Midgard hafa allt frá stofnun fyrirtækisins verið áberandi í samfélaginu okkar. Þau hafa unnið ötullega að því að koma sveitarfélaginu okkar á kortið sem ákjósanlegur ferðamannastaður, bjóða upp á fjölbreyttar ferðir, frábæra gistiaðstöðu og skemmtilega stemningu fyrir sína gesti. Þau einblína á að efla sjálfbærni, vinna að umhverfisvernd og eru frábær fyrirmynd fyrir ferðaþjónustuaðila," segir í tilkynningu frá Rangárþingi eystra.





OPNAR ÆFINGAR
Jórukórsins
Miðvikudagana
30.ágúst og 6.sept
kl 20:00
Í sal Tónlistarskóla
Árnesinga, Selfossi
Nýjar konur velkomnar, sem
og fyrri Jórukórskonur
Reynsla af kór ekki
nauðsynleg, engar raddprufur.
Bara mæta og hafa gaman





Sendibílar á Suðurlandi
Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.
Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

Tafir vegna fjárrekstra í Biskupstungum.

Föstudaginn 8. september og laugardaginn 9. september má búast við umferðartöfum á eftirtöldum vegum í Biskupstungum vegna fjárrekstra.

Föstudaginn 8. sept.
Biskupstungnabraut F35, milli Gullfoss og Geysis frá kl: 11:30 til 13:30.

Skeiða- og Hrunamannavegur F30, við Gýgjarhól milli kl: 14:00 og 15:30.

Einholtsvegur F358, frá Kjarnholtum að Tungnaréttum frá kl:16:00 fram á kvöld.

Laugardaginn 9. sept.
Biskupstungnabraut F35 frá Vatnsleysu að Múla frá kl: 13:00 og fram eftir degi.

Einholtsvegur F358 frá Tungnaréttum að Gýgjarhólskoti frá kl: 13:00 og fram eftir degi.

Fjallskilanefnd Biskupstungna.

Með mölbrotna sál eftir ástvinamissi og einelti



Sigurbjörn Snævar Kjartansson, lyftarastjóri hjá SS á Selfossi, er annar tveggja leiðbeinenda sem koma til með að leiða 12 spora starfið Vinir í bata í Selfosskirkju í vetur. Vinir í bata er félagsskapur fólks sem hefur lent utan vegar vegna áfalla í lífinu, meðal annars vegna veikinda og ástvinamissis.

Dagskráin náði tali af Sigurbirni og fékk að kynnast því betur hvað Vinir í bata standa fyrir og hvernig hann endaði sem leiðbeinandi.

Öll velkomin í skóla lífsins

„Ég var hvattur árið 2011, af fyrrverandi sóknarpresti og fyrrverandi heimilislækni mínum, að skoða 12 spora starf, því ég var kominn á vondan stað eftir mörg áföll í lífinu. 12 spor vina í bata er byggt á 12 reynslusporum AA-samtakana, en í þessum skóla lífsins, eins og ég kýs að kalla þetta, er enginn skylda að vera AA-manneskja (alkahólisti) til að koma til liðs við þetta mannbætandi samfélag. Vinir í bata er öllum opið, óháð kyni, trúarvitund og aldri," segir Sigurbjörn.

Mátti ekki ræða um erfiðleika og áföll

Sem fyrr segir, hóf Sigurbjörn sína 12 spora vegferð árið 2011 og tók þá þátt í starfinu í þrjá vetur. „Þarna var ég með mölbrotna sál eftir ástvinamissi í fleirtölu og hafði verið tættur niður í skóla af ljótu einelti vegna þess að ég var ekki eins og hinir, aðallega vegna holdafars en ég hef alltaf verið feitlaginn. Þessi áföll voru á þessum árum, frá 1975 þangað til að ég varð fullorðinn maður, en á árum áður mátti helst ekki ræða um erfiðleika og áföll," bætir Sigurbjörn við.

Nafnleynd, trúnaður, virðing og traust

Sigurbjörn segir sporin hafa verið þung þegar hann þurfti að opna sig fyrir öðrum. „En stuðningur í fjölskylduhópnum sem ég fékk var ómetanlegur og gaf mér tækifæri til að tala án þess að vera dæmdur. Það sem við köllum fjölskylduhóp eru tveir til sex aðilar í kynjaskiptum hópum. Innan þeirra eru nafnleynd, trúnaður, virðing og traust grundvöllur þess að einstaklingar nái bata og vinni úr fortíðinni því það liðna hverfur ekki, heldur lærum við að sættast við það og lifa í núinu með framtíðina í hjartanu."

Fyrirgefning gott veganesti í lífinu

Sigurbjörn tók sér svo nokkurra ára hlé frá sporastarfinu en byrjaði aftur fyrir tveimur árum síðan. „Mér fannst virkilega gott að byrja aftur, þarna í millitíðinni hætti ég neyslu áfengis, sem ég sé ekki eftir, þó að ég vilji taka fram að áfengisleysi er ekki skilyrði fyrir því að starfa í þessum félagsskap. Og hvar stend ég í dag? Jú, ég er búinn að sættast við allt og alla með fyrirgefningu gagnvart öðrum og ekki síst sjálfum mér. Að fyrirgefa er einfaldlega svo gott veganesti í lífinu og að skila skömminni þangað sem hún á að vera er lykillinn að bata. Ég sjálfur er nýr einstaklingur í dag og ég hef kynnst hellingi af fólki í þessu sem á nýtt líf í dag."

Gott tækifæri til að lifa hamingjusömu lífi

„Að koma í sporin er einfaldlega gott tækifæri til að lifa hamingjusömu lífi með sjálfan sig eins og maður er, hvort sem þú trúir á guð eða ekki. Við getum líka bara umorðað guð og kallað hann æðri mátt, séum við efins í trúnni. Máttur bænarinnar er mikill í þessu og er æðruleysisbænin afar góð og segir mikið," bætir hann við.

Engin röng svör

Starfið hefst í september og endar í maí í ár hvert, fundir eru vikulega og það er unnið eftir sporabókinni Vinir í bata og viðkomandi vinnur eitt spor fyrir hvern fund heima, með því að svara spurningum. Sigurbjörn segir að öll svör séu rétt og eigi rétt á sér. „Stundum þróast það þannig að einhverjir tveir úr hverjum fjölskylduhóp vinna þetta saman, sé komið mikið traust á milli einstaklinga. Það eru tveir einstaklingar, einn kvenkyns og annar karlkyns, sem eru öðrum innan handar komi upp erfiðleikar eða eitthvað sem viðkomandi vill tala um undir fjögur augu."

Léttari og brosmildari einstaklingar

Sigurbjörn segir árangur starfsins gjarnan mælast í aukinni gleði þátttakenda. „Viðkomandi verður léttari í lund, brosmildari og eiginlega hann sjálfur í öllu, með meiri þroskavitund um hvað er rétt og rangt og laus við dómhörku og hroka, eitthvað sem viðkomandi hefur byggt upp með sálina fulla af vanlíðan og þunga byrði áfalla. Árangur og sigrar mælast í mörgum glöðum einstaklingum sem hafa lagt allt það erfiða í hendur guðs eða æðri máttar. Að taka þetta skref til bata er virkilega góður kostur í lífinu og gefur okkur tækifæri til að standa með okkur sjálfum og ekki síst með öðrum sem ekki þurfa síður stuðning."

Framundan eru þrír opnir kynningarfundir Vina í bata í safnaðarheimili Selfosskirkju, sá fyrsti fimmtudaginn 14. september kl. 20. Svo næstu 21. og 28., á sama tíma. Á fjórða fundi er hópunum lokað og hefst þá hið eiginlega sporastarf eftir bókinni Vinir í bata.

Guð gefi mér æðruleysi
til að sætta mig við það,
sem ég fæ ekki breytt
kjark til að breyta því,
sem ég get breytt
og vit til að greina þar á milli.

„Að velja þetta starf, umfram mörg önnur góð sem til eru, er sannlega góð áskorun til mæta sjálfum sér sem einstaklingi og læra að elska lífið og sjálfan sig upp á nýtt. Ég skora á þig, lesandi góður, að kíkja á kynningarfundina, taka spjall og hlusta á fólk með reynslu í þessu. Ég er vinur í bata." segir Sigurbjörn að lokum.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á viniribata.is, þar má lesa reynslusögur og annan fróðleik. Þá bendir Sigurbjörn á appið Lindin mín, þar sem hægt sé að hlusta á sporin og annað efni í gegnum snjalltæki.

HGL

Komdu pallinum og öllu hinu tréverkinu í sumarbúning með
VISTVÆNNI VIÐAR ***pallaolíu*** og ***viðarvörn*** frá **Slippfélaginu**.
VISTVÆNN VIÐAR er betri fyrir umhverfið.



SLIPPFÉLAGIÐ
Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250

Opið:
8-18 virka daga og **10-14** laugardaga

slippfelagid.is

SLIPPFÉLAGIÐ

Símalaus Sunnulækjarskóli orðinn að veruleika

89% foreldra og forráðamanna barna í Sunnulækjarskóla eru fylgjandi símalausu skólaumhverfi samkvæmt bréfi sem foreldrar og forráðamenn barna í Sunnulækjarskóla fengu sent frá Hermanni Erni Kristjánssyni í aðdraganda skólasetningar.

Í vor var lögð fyrir könnun þar sem foreldrum gafst kostur á að kjósa um hvort þeir væru fylgjandi símalausu skólaumhverfi eða ekki. Um 500 foreldrar svöruðu könnuninni og var mikill meirihluti, eða 89% fylgjandi símalausu skólaumhverfi. Segir í bréfinu að þessi afgerandi niðurstaða styðji þá ákvörðun skólans um að frá og með skólasetningu 23. ágúst 2023 verði Sunnulækjarskóli símalaus skóli.

Hermann segir ástæðu ákvörðunarinnar að stóru leyti byggða á rannsóknum um líðan ungmenna, einbeitingu og námsframvindu í skólanum, þar sem símar og samfélagsmiðlar eru aðgengilegir. Einnig segir hann foreldra sem vilja stuðla að ábyrgri símanotkun um eftirlit og tímastjórnun hafa bent á að þeir geti ekki sinnt því hlutverki á skólatíma barna sinna.

Tölvukostur og skapandi rafrænt nám

Hermann segir marga kennara hafa lært að nýta símtækin til gagns í skapandi skólastarfi. „Símtæki er hinsvegar ekki hluti þeirra kennslugagna sem skólinn gerir kröfu um og því ekki æskilegt að þróa skólastarfið með þeim hætti. Markmiðið okkar í vetur er að efla rafrænt nám í efstu bekkjum skólans (8.-10. bekk) og undirbúa nemendur til að takast á við fjölbreytt og skapandi verkefni á víðum grunni. Til þess þarf skólinn að vera vel tækjum búinn og munum við bæta tækjakost á nýju starfsári til að tryggja gott aðgengi nemenda að tölvum í skapandi rafrænu námi. Síðustu ár hafa nemendur í auknum mæli óskað eftir því að nýta sínar eigin tölvur í skólastarfinu. Það er að sjálfsögðu í boði og skiljanlegt þar sem nemendur munu í mörgum tilfellum nýta sínar tölvur áfram í framhaldsnám og gott að kunna á sitt tæki þegar að því kemur.“

Nemendum er frjálst að hafa síma í töskunni, svo lengi sem þeir séu á hljóðlátri stillingu og trufli ekki á skólatíma. Foreldrum er bent á að hafa samband við skrifstofu skólans, þurfi þeir að ná sambandi við börn sín, eins verður nemendum leyft að hringja heim úr móttöku þegar þarf á að halda.

Tveir Árnesingar opna sýningar í Listasafni Árnesinga

Tvær nýjar sýningar opna í Listasafni Árnesinga laugardaginn 2. september kl. 15:00. Að þessu sinni eru það sýningar tveggja Árnesinga, þeirra Ragnheiðar Jónsdóttur og Jakobs Veigars Sigurðssonar.



Jakob Veigar Sigurðsson



Ragnheiður Jónsdóttir

Kosmos Kaos - Ragnheiður Jónsdóttir

Ragnheiður er einn virtasti listamaður þjóðarinnar og hlaut hún í ár heiðursviðurkenningu frá Myndlistarráði fyrir einstakt framlag til íslenskrar myndlistar.

Ragnheiður hélt sína fyrstu einkasýningu árið 1968 og hefur frá þeim tíma unnið óslitið að myndlist til dagsins í dag. Þráðurinn í verkum Ragnheiðar er sjálfblekkingin – blindnin – græðgin – einsemdin – andvaraleysið – umhverfið – heimurinn okkar. Ragnheiður segir að myndlist sé í hennar huga samtal listamannsins og áhorfandans. Að tilganginum sé náð þegar að henni tekst að rumska við áhorfandanum.

Ragnheiður Jónsdóttir er Árnesingur í báðar ættir. Móðir hennar Sigurbjörg var dóttir Ingvars Hannessonar bónda að Skipum Stokkseyrarhreppi og fyrri eiginkonu hans Vilborgar Jónsdóttur frá Sandlækjarkoti Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ingvar bóndi á Skipum og Ásgrímur Jónsson listmálari voru systrasynir. Mæður þeirra voru systurnar Sigurbjörg og Guðlaug frá Vantsholti í Flóa. Faðir Ragnheiðar var Benedikt sonur Guðjóns Jónssonar bónda frá Seli og eiginkonu hans Kristjönu Jónsdóttur frá Grímsfjósum Stokkseyri. Þau bjuggu að Leiðólfsstöðum Stokkseyrarhreppi

Sýningarstjóri er Daría Sól Andrews.

Megi hönd þín vera heil - Jakob Veigar Sigurðsson

Jakob Veigar (1975) starfar og býr í Vínarborg en er uppalinn í Hveragerði. Hann fetaði fremur seint inn á veg myndlistarinnar eftir að hafa snúið baki við byggingariðnaðinum og snúið sér að Myndlist. Jakob útskrifaðist með BA gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2016 og sem „Herr Magister“ í myndlist frá Akademie der bildenden Künste í Vínarborg 2019.

Málverkið er hans aðal miðill og er innblásið af persónulegri reynslu, alkóhólískum huga sem reynir að skilja samfélagið sem hann dvelur í á hverjum tíma ásamt djúpri tengingu hans við náttúruna.

Á opnuninni verður boðið upp á Tónlistargjörning frá Íran, þar sem listamennirnir saLeh roZati og Pourea Alimirzae koma fram.





DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svanurinn Prentgripur 1041 0858

Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Mælieining heys er hann,
heiti á skosku viskí fann.
Er með hjól en vantar vél,
vinur sem ég bestan tel.

Svar við gátu í blaði 2715: **FALL**
2. Lína: Sauða**FALL** - 3. Lína: Mikið vatns**FALL**

Forréttindi að geta stundað sportið á Íslandi

Ítalski Selfyssingurinn Stefán Orlandi landaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli í síðustu umferð Íslandsmeistaramótsins í kappakstri mótorhjóla síðastliðinn sunnudag, eftir að hafa verið í fyrsta sæti í öllum umferðum mótsins. Stefán lauk keppni með 145 stigum, á eftir honum kom Ingólfur Snorrason með 101 stig og í þriðja sæti var Jóhann Leví Jóhannsson með 92 stig.

Stefán er búsettur á Selfossi ásamt konu sinni, Álfheiði Guðjónsdóttur, og eiga þau saman tvo syni. Hann vinnur sem smiður en hefur frá unga aldri haft mikinn áhuga á kappakstri bíla og mótorhjóla. „Bílar voru samt alltaf meira í huga mér til að byrja með en þegar ég var rúmlega tvítugur fór ég að hafa meiri áhuga á mótorhjólakappakstri. Áhuginn var mikill og um leið og ég fékk mótorhjólaprófið, um 2008, var ég fljótur að komast í kynni við hóp sem stundaði hringakstur á Rallykrossbrautinni í Hafnarfirði. Það er frekar hæg og lítil braut en maður lærði rosalega mikið á því tæknilega hvernig á að beita sér á hjólinu og þess háttar.“

Ört stækkandi grein

„Götuhjólakappakstur er frekar nýtt sport Íslandi. Fyrsta kappaksturskeppnin sem ég tók þátt í var á hringakstursbraut Kvartmíluklúbbsins í Hafnarfirði árið 2018 en árið þar á undan keppt um við einungis í tímatöku. Hringakstursbrautin er frábær búbót fyrir götukappakstur á Íslandi almennt, hvort sem er fyrir mótorhjól, bíla eða önnur farartæki. Brautin hefur stækkað með árunum og telur nú tæpa 2,5 km. Að sama skapi fer greinin bara stækkandi, reglulega bætast við nýjir iðkendur og hefur yngri kynslóðin komið sterk inn síðustu ár sem sést á því að við erum með iðkendur niður í 15 ára aldur.“

Samkeppnin nauðsynleg

„Ég var mjög ánægður að ná að landa mínum fyrsta titli því ég hef þurft að sætta mig við annað og þriðja sætið alltof mörgum sinnum,“ segir Stefán og hlær.

„Sigurinn er fyrst og fremst viðurkenning fyrir iðkun og áhuga á sportinu. Ég hef stundað þetta af mikilli ástríðu og alltaf pælt í því hvernig ég geti bætt mig í íþróttinni og það mun ég halda áfram að gera. Svo er samkeppnin alltaf af hinu góða og algjörlega nauðsynleg ef maður vill bæta sig.“

„Að vinna er bara bónus“

Það sem að fór í gegnum hugann var fyrst og fremst þakklæti. Þakklæti fyrir að geta stundað þetta sport, sem að maður hefur svo mikla ástríðu fyrir, á Íslandi í frábærum hópi vina, að vinna er bara bónus,“ segir Stefán, aðspurður um hvað hafi farið í gegnum hugann þegar titillinn var í höfn.

Mikið líkamlegt átak að keppa á mótorhjóli

Stefán segir undirbúning fyrir keppni ekki flókinn. „Maður þarf að sjá til þess að hjólið sé klárt í keppni og vera vel hvíldur. Líkamlegt form er mjög mikilvægt en besta þjálfunin er að mæta á æfingar og hjóla. Að keppa á mótorhjóli á fullum afköstum er mikið líkamlegt átak sem fáar æfingar í ræktinni geta undirbúið mann fyrir. Að sjálfsögðu er hægt að bæta þol og styrk að vissu marki, en að hjóla á hjólinu er allt önnur áreynsla.“

Hann keppir á Honda CBR 600RR 2008. „Með nokkrum vel völdum breytingum til brautaraksturs. Dekkin sem við notum eru sérstök brautardekk sem þurfa mikinn hita til að virka sem skildi. Til þess notum við dekkjahitara sem hita dekkinn uppí 90-110 gráður. Einnig er mikilvægt að vera með keppnis-bremsuvökva sem þolir mikinn hita, því þegar maður er að bremsa úr 190 km/h niður í 50km/h fyrir næstu beygju, á nánast einungis framdekkinu hring eftir hring, hitna bremsurnar gríðarlega.

Aðspurður hvað sé framundan segir Stefán að stefnan sé á sömu braut. „Halda áfram að æfa, keppa og hafa gaman. Efla mótohjólakappaksturs-senuna á Íslandi og halda þessari uppsveiflu í sportinu gangandi.“

HGL





-25%
AF ÖLLUM INNI- OG ÚTILJÓSUM

LÝSUM UPP RÝMIÐ

Fjöldi glæsilegra ljósa fyrir þig

GERUM HUGGULEGT HEIMA Í SEPTEMBER



-20%
AF ALLRI INNI-MÁLNINGU

Skoðaðu fjölda tilboða á byko.is

NÝR LITUR GETUR BREYTT RÝMINU

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

MENNINGARMÁNUÐURINN OKTÓBER2023

Í ár verður Menningarmánuðurinn október haldinn í fjórtánda sinn í Sveitarfélaginu Árborg. Sem fyrr mun sveitarfélagið kynna fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa og verða viðburðir á víð og dreif um sveitarfélagið allan októbermánuð.

Vinna er að fullu hafin við að fylla október af áhugaverðum viðburðum og við hvetjum öll, sem vilja standa að viðburðum í októbermánuði, að tengjast hátíðinni sem er okkar allra.

Hægt er að senda upplýsingar á Ólaf Rafnar Ólafsson | olafur.rafnar@arborg.is eða Margréti Blöndal | margretb@arborg.is. Einnig er hægt að hringja í síma 480 1900 fyrir nánari upplýsingar.

Með von um góðar viðtökur
Sveitarfélagið Árborg

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga** að **breytingu á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Eystra-Seljaland – Nýtt deiliskipulag
Deiliskipulagið tekur til uppbyggingar á 150 herbergja hóteli og starfsmannahúsnæði á sitt hvorum byggingarreitum. Heimilt verður að byggja 6.000 m² hótel á einni til tveimur hæðum og hámarkshæð byggingar er allt að 11 m. frá gólfkóta. Á öðrum byggingarreitnum verður hámarksbyggingarmagn 900 m² á einni hæð.

Stóri-Hóll – Nýtt deiliskipulag
Um er að ræða tillögu að deiliskipulagi á 10,3 ha. svæði úr landi Skíðbakka 1, L163892. Gert er ráð fyrir allt að 250 m² íbúðarhúsi, 50 m² gestahús og 200 m² skemmu. Hámarks mænishæð er 8,0 m. á íbúðarhúsi og skemmu en 5,0 m. á gestahúsi.

Ofangreinda deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 30. ágúst 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemd til 12. oktober 2023. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing deiliskipulagstillögu í Rangárþingi eystra.

Rauðuskriður – Aðalskipulagsbreyting
Gert er ráð fyrir að frístundarbyggð F21 minnki um 1. ha og verður því 2 ha. Allt að 11 ha. verða skilgreindir sem verslunar- og þjónustusvæði fyrir allt að 25 gestahús og landbúnaðarland minnkar sem um því nemur.

Ofangreind skipulagslýsing verður kynnt fyrir almenningi með opnu hýsi hjá skipulags- og byggingarembætti Rangárþings eystra, mánudaginn 4.september n.k. kl. 8.30 til 10:00, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra og á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar frá 30. ágúst 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemd til 20. september 2023. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

Les og hlusta á bækur í allskonar skapi

segir lestrarhesturinn Dagbjört Harðardóttir

Dagbjört Harðardóttir er 36 ára gömul, nýflutt í Hafnarfjörðinn frá Selfossi þar sem hún starfaði í frístundageiranum. Hún á einn fimm ára dreng og er með BA gráðu í félagsráðgjöf. Dagbjört er áhugakona um gott kaffi, forvarnir og að sjálfsögðu góðar bækur.

Hvaða bók ertu að lesa núna?
Núna er ég að lesa bókina Mánasystirin eftir Lucindu Riley. Bókin er fimmta bókin í bókarröðinni um sjö systur. Ég er búin að lesa hinar fjórar og því lá auðvitað beinast við að lesa fimmtu bókina. Ég ætla rétt að vona að það komi út í heildina sjö bækur, sem sagt ein fyrir hverja systir. Bókaröðin er vel skrifuð og heldur lesandanum við efnið út í gegn. Systurnar voru ættleiddar af manni sem skírði þær eftir sjöstirninu Sjö systur. Hver bók segir sögu hverrar þeirra í nútímanum og síðan fléttast inn gamlir tímar sem tengja þær við uppruna sinn. Mjög merkilegar, fróðlegar og skemmtilegar bækur.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?
Ég þarf alltaf að hafa smá spennu í lífinu almennt svo ég hugsa að það séu spennubækur. Best er samt þegar þær eru „alvörulegar“. Sem sagt svona spennusögur sem gætu mögulega gerst í alvöru án þess þó að vera alvöru. Mér finnst nefnilega mjög erfitt að lesa um eitthvað sem ég veit að hefur gerst í alvöru. Ég lifi mig svo inn í bækur og tilfinningarnar á bak við þær að mér finnst betra ef ég get hugsað: Þetta er bara bók.

Fékkstu lestraruppeldi sem barn?
Já ég er alin upp við mikinn lestur. Ég byrjaði snemma að lesa léttar bækur, líklega um fjögurra ára aldurinn. Þetta varð reyndar smávegis vandamál þegar ég byrjaði í skóla því mér leiddist alveg hrikalega í fyrsta bekk þar sem farið var yfir stafina og lestur kenndur. Sem betur fer eru tímarnir aðeins breyttir núna, vona ég og börn sem kunna nú þegar að lesa þegar komið er í skóla, sem ég hef heyrt að sé reyndar algengt, fá verkefni við sitt hæfi. Foreldrar mínir voru dugleg að lesa fyrir mig og ég er alin upp við stórt bókasafn á heimilinu.

Einhverjar uppáhaldsbækur úr bernskunni?
Uppáhalds bókin mín úr æsku er klárlega Röndóttir spóar. Hún er eftir Guðrúnu H. Eiríksdóttur og ég man að mér þótti hún alveg rosalega spennandi. Það er bók sem mér finnst að öll börn ættu að lesa. Mér fannst Lotta alltaf mjög skemmtileg líka og dáðist af útsjónarsemi hennar og dugnaði.

Segðu í stuttu máli frá lestrarvenjum þínum.
Þær eru nú bara svona allskonar. Ég les fyrir son minn á hverju kvöldi og hef gert síðan hann fæddist, þó það hafi nú aðeins verið hlegið að mér þegar ég var að lesa bók fyrir nýfætt barn. En ég trúi því að lestur skipti máli alveg frá byrjun. Sjálf les ég og hlusta á bækur á öllum tímum sólahringsins og í allskonar skapi. Mér finnst gott að nota lestur til þess að slaka á eftir daginn, nár ró fyrir svefninn eða bara til þess að koma mér í gang á morgnana. Ég nenni til dæmis ekki að fara út að hlaupa eða ganga nema með góða bók í eyrunum. Ég er eiginlega stanslaust annaðhvort að lesa eða hlusta á bækur og er búin með rúmlega 60 bækur á þessu ári.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?
Erfið spurning. Ég er aðdáandi



Camillu Lackberg. Ég er kannski sein á vagninn því ég er nýbúin að uppgötva hana og hef rifið í mig allar bækurnar hennar. Þær einhvernveginn halda athygli minni alveg í gegn. Harpa Rún Kristjánsdóttir er einnig í miklu uppáhaldi, en bókin hennar Kynslóð er klárlega ein besta bók sem ég hef lesið.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?
Já aldeilis. Bókin sem ég minntist á áðan, Kynslóð eftir Hörpu Rún, hélt mér vakandi fram á morgun. Ég mætti líka seint í veislu þegar ég var að lesa hana og var alvarlega að íhuga að sleppa bara veislunni þar sem mér þótti svo erfitt að hætta.

En að lokum Dagbjört, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?
Ég myndi skrifa barna og/eða unglingabækur. Mér finnst auðvelt að ná til barna og unglinga og á auðvelt með að setja mig inn í þeirra heim og reyni alltaf eins og ég get að koma inn allskyns forvörnum í öllu sem ég geri og segi. Einnig vil ég efla allt sem tengist lestri hjá börnum. Það er nefnilega svo margt sem lesturinn gefur okkur. Ef svo heppilega vildi til að sólahringurinn myndi lengjast aðeins þá skrifa ég barnabók.

Tillögur að spennandi Lestrarhestum sendist á jonozur@gmail.com

prentmet Oddi heildarlausnir í prentun | DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

UPPSKERUHÁTÍÐIN

í Hrunamannahreppi

LAUGARDAGINN 2. SEPTEMBER | FLÚÐIR OG NÁGRENNI

UPPSKERUMESSA

Uppskerumessa kl.11:00 í Hrunakirkju laugardaginn 2. september. Fjölskylduhátíð. Bæn, orð, hugvekja og söngur við allra hæfi undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Leikir og grillaðar pylsur að messu lokinni. Allir hjartanlega velkomir.

FÉLAGSHEIMILIÐ Á FLÚÐUM

Markaður kl.13:00-17:00 og kvenfélagið með kaffisölu. Matvæli úr sveitinni, góðgæti beint frá býli, kræsingar í krukkum. Handverk og fleira. VISS vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsgetu verður með muni til sölu.

GÖNGUFERÐ MEÐ LEIÐSÖGN

Létt söguganga umhverfis og í miðbæ Flúða. Guðmundur Magnússon og Anna Björk Matthíasdóttir leiða gönguna. Lagt af stað kl.15:30 frá félagsheimilinu.

OPNIR GARÐAR Á FLÚÐUM

Bjarkarhlíð Flúðum. Opið hús og garður kl. 13:00-17:00. Anna Magnúsdóttir handverkskona býður gesti velkomna heim í vinnustofu sína.

Akurgerði 5 (Þóra Biering og Jón Snorrason) og **Smiðjustígur 21** (Elín S. Guðfinnsdóttir og Trausti Indriðason) bjóða gestum að skoða fallegu garðana sína kl. 14:00-16:00.

LEIKIR Í LÆKJARGARÐINUM

Heilsueflandi Uppsveitir verða með leiki fyrir krakkana kl.14:00. Í Lækjargarðinum er einnig frisbígolfvöllur, ærslabelgur og aparóla.

LEIKUR OG LIST *Laugalandi Flúðum*

Opið kl.13:00-17:00. Handverk frá Dóru og Möggu.

Rabbi rósabóndi verður með gott tilboð á rósabúntum og steinselju. Gestum boðið upp á kaffi og kleinur á meðan birgðir endast

LITLA HÚSIÐ

Suðurbrún 7, Flúðum. Markaður með gamla fallega muni. Opið kl.13:00-17:00

HÚS MINNINGANNA

Suðurbrún 7, Flúðum, við hliðina á Lítla húsinu. Skemmtilegt safn þar sem minningar flestra lifna við.

Opið kl.13:00-17:00, aðgangseyrir kr.1000 og frítt fyrir 15 ára og yngri.



GARÐYRKJUSTÖÐ SIGRÚNAR, SNEIÐIN 3

Opið kl.13:00–17:00. Ný upptekið grænmeti. Notuð föt, húsgögn og eitthvað meira sniðugt. Einnig hægt að kaupa allskonar ljós/kastara á farartækin.

HÓTEL FLÚÐIR

Ókeypis íspinnar fyrir börn 11 ára og yngri. Sértilboð laugardag og sunnudag kl. 11:00-17:00. BBQ svínarif með frönskum kartöflum og einum drykk (eitt vínglas, bjór eða gosglas) kr. 4.990 á mann.

SÆSABAR FLÚÐUM

Nýskorið grænmeti frá Grafarbakka til sölu. Hoppukastali frítt fyrir börnin. Kaffi, kökur,kruðerí,barsnakk og styrktir drykkir. Sönghópurinn Söngelskur koma fram kl. 21:00. Trúbadorinn Ævar Eyfjörð heldur uppi stuði frá kl.10:00 og langt fram eftir kvöldi. Allir hjartanlega velkomnir. Glaðningur fyrir börnin og góð tilboð allan daginn.

FARMERS BISTRO FLÚÐUM



Opið á veitingastaðnum Farmers Bistro kl.12:00-17:00. **Flúðasveppir með kynningu kl. 16:00.** Boðið verður uppá kynningu um ræktun Flúðasveppa og innlit í klefa kl.16:00.

Ferskt grænmeti til sölu á staðnum.

LITLA BÆNDABÚÐIN Á MELUM

Fjölbreytt úrval af fersku grænmeti, kjöti og alls kyns góðgæti beint frá býli. Opið kl.11:30-17:30 og kaffi á könnunni.

MINILIK EÞÍÓPÍSKUR VEITINGASTAÐUR



Opið kl. 18:00-21:00. Auka-opnun á uppskerudaginn kl.12:00-15:00. Eþíópískur matur, verið velkomin.

GISTIHEIMILIÐ FLÚÐUM

Veitingastaðurinn opinn kl. 18:00-21:00

SELSVÖLLUR VIÐ EFRA-SEL / OPNA ÍSLENSKA GRÆNMETISMÓTIÐ

Golfmót þar sem leikin er punktakeppni með hámarksforgjöf (36). Keppt er í þremur flokkum; karla, kvenna og barna (14 ára og yngri – 18 holur).

Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hverjum flokki.

Mótsgjaldi er kr. 6.500 / fullorðinn og frítt fyrir þátttakendur í barnaflokknum. Skráning er á golf.is

Sölufélag garðyrkjumanna er aðalstyrktaraðili mótsins (islenskt.is). Kaffi-Sel, veitingastaður opinn.

SAMANSAFNIÐ SÓLHEIMUM HRUNAMANNAHREPPI

Opið kl.11:00-17:00. Fjölbreytt minjasafn og glæsilegir gamlir bílar. Aðgangseyrir kr.1500 og frítt fyrir 12 ára og yngri. 6 km frá Flúðum, vegur 354.

GAMLA LAUGIN / SECRET LAGOON

Hvammsvegi Opin kl.10:00-20:00.

SUNDLAUGIN FLÚÐUM

Opin kl.13:00-18:00.

APARÓLA, ÆRSLABELGUR OG FRISBÍGOLF

WWW.SVEITIR.IS - WWW.FLUDIR.IS - FACEBOOK

Ert þú með eitthvað af eftirfarandi:

Kvíða ▪ Meðvirkni
Þreytu og eða orkuleysi
Brotin sjálfsmynd
Glímir við erfiðleika fortíðar
Streita ▪ Vefjagigt
Óútskýrðir verkir
Króníska verkir



Ég hef unnið og starfað með andleg og líkamleg áföll í áratugi.

Nánari upplýsingar í síma 835 8555
Svandís Birkisdóttir

Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra 2023

Eins og hefð er fyrir þá voru Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra veitt á Kjötsúpuhátíðinni. Leitað er til íbúa um tilnefningar til verðlaunanna en Skipulags- og umhverfisnefnd tekur svo ákvörðun um verðlaunahafa.

Allir verðlaunahafar eiga það sameiginlegt að leggja sig fram um að halda sínu nærumhverfi snyrtilegu og eru þar með afar hvetjandi fyrir aðra íbúa og gesti sveitarfélagsins.

Snyrtilegasti garðurinn er Njálsgerði 1

Þau Edda Antongsdóttir og Halldór Óskarsson, íbúar í Njálsgerði 1, hafa ræktað upp ævintýralegan garð þar sem tré, blóm og jurtir fá hvert sitt pláss svo vel er. Garðurinn er afar snyrtilegur, vel skipulagður og hirtur. Litadýrðin í garðinum hefur notið sín í góðviðrinu í sumar og oftar en ekki stoppar fólk á gangstígnum sem liggur meðfram garðinum bara til að virða fyrir sér fegurðina.

Snyrtilegasta býlið er Butra

Ábúendur á Butru eru þau Oddný Steina Valsdóttir og Ágúst Jensson. Öll aðkoma að býlinu er afar snyrtileg og greinilega vel hugað að því að allt svæðið í kringum íbúðar- og útihús sé vel frágengið. Byggingum er vel við haldið svo sómi er af.

Snyrtilegasta fyrirtækið er Fóðurblandan

Allt aðgengi og svæði í kringum húsnæði Fóðurblöndunnar er snyrtilegt og aðgengi fyrir viðskiptavini vel frágengið. Húsnæðinu er vel viðhaldið og ásýndin góð, það sést ekki á því hversu gamalt húsnæðið er í raun. Öllu efni er vel raðað innan girðingar og skipulagið til sóma.

Guri Hilstad Ólason, nefndarmaður í Skipulags- og umhverfisnefnd, afhenti verðlaunin og naut við það hjálp frá Ólöfu Bergrós Jónasdóttur og Vali Frey Stefánssyni. Við viðurkenningu Fóðurblöndunnar tók Karítas Björg Tryggvadóttir.





Jöfnunarstyrkur til náms
Umsóknarfrestur á haustönn 2023 er til 15. október n.k.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2023.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á "Mitt Lán" sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is eða island.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðsins.

Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd

MENNTASJÓÐUR NÁMSMANNA

Héraðsnefnd Árnesinga endurnýjar samning við FabLab Selfoss

Héraðsnefnd Árnesinga hefur frá upphafi verið einn stærsti styrktar- og stuðningaðili FabLab smiðjunnar á Selfossi með samningi sem gerður var við stofnun smiðjunnar 2017.

Nýlega var sá samningur endurnýjaður til fimm ára og er það gríðarlega mikilvægt fyrir áframhaldandi rekstur smiðjunnar. Styrkur Héraðsnefndar gerir grunnskólum í Árnessýslu kleift að koma á skólatíma og vinna verkefni í smiðjunni undir handleiðslu smiðjustjóra, auk þess sem kennarar grunnskólanna fá kennslu á tæki, tól og forrit smiðjunnar til þess að undirbúa nemendur fyrir heimsóknir.



Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri HfSu og rekstraraðili FabLab smiðjunnar og Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógarbyggðar og formaður Héraðsnefndar Árnesinga við undirritun samningsins.

Grenndarstöð á Eyrarbakka lokað

Í tilkynningu sem Sveitarfélagið Árborg sendi frá sér fyrr í vikunni hefur verið ákveðið að fjarlægja grenndarstöðina á Eyrarbakka tímabundið vegna slæmrar umgengni.

„Umgengni við grenndarstöðina er algerlega óviðunandi og flokkun verulega ábótavant. Losun á grenndarstöðinni hefur verið vikuleg í allt sumar og ávallt hefur aðkoman verið í ólagi," segir enfremur í tilkynningunni og tekið er fram að staðsetning grenndarstöðvarinnar verði endurskoðuð.



VLFS auglýsir eftir starfsmanni

Verkalýðsfélag Suðurlands óskar eftir að ráða einstakling í 100% starf á skrifstofu félagsins á Hellu. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf. Leitað er að jákvæðum og þjónustulunduðum aðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Grunnþekking í bókhaldi og reynsla af skrifstofustörfum kostur.
- Þjónustulund, jákvætt viðmót og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti.

Helstu verkefni:
- Bókhaldsvinna.
- Símsvörun, upplýsingagjöf og túlkun kjarasamninga
- Útreikningar og ýmis verkefni tengd kjaramálum.
- Afgreiðsla umsókna í mennta- og sjúkrasjóð.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Félagssvæði Verkalýðsfélags Suðurlands nær frá Þjórsá í vestri að Lómagnúp í austri og nær til alls verkafólks sem starfar á almennum markaði, hjá sveitarfélögum og hjá ríkinu.

Umsækjendur sendi ferilsskrá og kynningarbréf á gudrun@vlfs.is. Hvetjum alla áhugasama til að sækja um. **Umsóknarfrestur er til og með 14.september 2023**. Æskilegt er að umsækjandi geti haft störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Frekari upplýsingar veitir Guðrún Elín Pálsdóttir, formaður. Sími 487-5000 og gudrun@vlfs.is

Verkalýðsfélag Suðurlands
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella - vs@vlfs.is - S 487-5000 - vlfs.is

Rafstefnumót

Bílasölu Selfoss, Hrísmýri 3

Laugardag frá 12-16



Festu ráð þitt fyrir áramót

Enga feimni. Mættu á Rafstefnumót Kia og tryggðu þér þann eina rétta fyrir lok árs með undanþágu frá virðisaukaskatti.

ASKJA

BÍLASALA SELFOSS



Helgarreiðnámskeið undir Eyjafjöllum

Helgarreiðnámskeið undir Eyjafjöllum í september fyrir þig sem átt ekki hest. Förum að synda með hestana, klifrum upp á fjöll og njótum að vera á hestbaki saman í sveitinni.

Námskeiðið er fyrir byrjendur, vön börn, fullorðna.
Útreiðartúrar fyrir fullorðna og börn.

Nánari uppl. á Instagram eða Facebook-síðunni *Hestar og Fjöll* eða vertu í bandi við Martinu Holmgren, sími 789 7510, martina.holmgren@gmail.com

HESTAR OG FJÖLL



Pípari óskast

Pípulagnir Suðurlands ehf. á Selfossi óska eftir að ráða pípara, vélvirkja eða aðila vanan pípulagningavinnu.

Menntun og hæfniskröfur
- Sveinspróf í pípulögnum og/eða starfsreynsla í faginu.

Nánari upplýsingar gefur Ívar Grétarsson í síma 823 6656 eða á ivar@psud.is.

PÍPULAGNIR SUÐURLANDS
Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

BARNASTARF SELFOSSKIRKJU

VETURINN 2023-2024

SUNNUDAGASKÓLINN
Alla sunnudaga kl. 11:00.
Sögur, söngur og sprell.
Verið öll velkomin!

BARNAKÓR
Fyrir krakka í 2. - 4. bekk.
Æfingar á þriðjudögum
kl. 16:00-16:45.
Kórstjórar: Edit Molnár og
Kolbrún Hulda
Tryggvadóttir.

UNGLINGAKÓR
Fyrir krakka í 5. - 10. bekk.
Æfingar á þriðjudögum
og fimmtudögum
kl. 15:00-16:00.
Kórstjóri: Edit Molnár.

KIRKJUKRAKKAR
Fyrir krakka í 1. - 4. bekk.
Söngur, sögur, leikir,
og föndur.
Fundir á þriðjudögum
kl. 14:30-15:45.

TTT
Fyrir krakka í 5. - 7. bekk.
Leikir, fjör og fleira.
Fundir á þriðjudögum
kl. 16:00-17:30.

ÆSKÓ
Fyrir krakka í 8. - 10. bekk.
Leikir, hópefli, ferðir
og margt fleira.
Fundir á mánudögum kl.
20:00-21:30.

Þátttaka í barnastarfi kirkjunnar er börnum að kostnaðarlausu
Skráning og frekari upplýsingar: Selfosskirkja.is

FUNDIR

Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR

SKÁLINN
Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

KIRKJA

Skálholtsdómkirkja
Messa kl. 11 sunnudaginn 3. september. Altarisganga og eitthvað fyrir alla. Saga og biblíumynd fyrir börnin. Fermingarbörn hvött til þátttöku. Kaffisopi á eftir í Gestastofunni. Barnafræðari er Bergþóra Ragnarsdóttir. Organisti er Jón Bjarnason og prestur sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup.

Selfosskirkja
Æskulýðsguðsþjónusta í Selfosskirkju klukkan 11 sunnudaginn 3. september. Guðsþjónustan markar upphaf haustsstarfsins og öll sem vilja taka þátt í æskulýðs- og söngstarfi komið og skráið ykkur! Söfnuður og fermingarbörnin syngja saman undir stjórn Editar, Sjöfn og séra Ása Björk leiða stundina. Sálmar sérvaldir til að öll syngi með og gleðjist á þessum tímamótum þegar umræðuefni prédikunarinnar er kærleikur og virðing.
Bænahópar og fleira hefst þessa vikuna, vinsamlegast sjáið allar upplýsingar á www.selfosskirkja.is.

Stokkseyrarkirkja
Messa í Stokkseyrarkirkju klukkan 14:00 sunnudaginn 3. september. Pétur Nói lekur á orgelið og kirkjukórinn leiðir sönginn. Séra Ása Björk þjónar. Þema prédikunarinnar er kærleikurinn og virðingin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Samkoma, sunnudagaskóli og kaffiveitingar sunnudaginn 3. september kl. 11:00 í Hvítasunnukirkjunni Selfossi, Austurvegi 40B. English translation available. Allir innilega velkomnir. www.selfossgospel.is

Hrunakirkja
Uppskerumessa laugardaginn 2. september kl. 11. Guðsþjónusta, léttir söngvar, hugvekja og bæn. Leikir á eftir og grillaðar pylsur og djús. Fjölskylduhátíð - verið öll hjartanlega velkomin! Athugið að kynningarfundur fyrir fermingarfræðslu næsta veturs verður kl. 10:15.

Brynjólfur níræður

Brynjólfur Ámundason frá Kambi í Flóa, sem lengi sinnti fræðimennsku samhliða fullu starfi sem múrari, fagnaði 90 ára afmæli sínu á föstudaginn 11. ágúst með fjölskyldu sinni og fáeinum vinum. Afmælishófið var haldið í Orlofsheimili múrara í Öndverðarnesi en þar hefur Brynjólfur lagt mikið af mörkum og meðal annars skrifað sögu staðarins. Hann slær hvergi slöku við og er nú kominn langt áleiðis með að skrásetja flestar bændafjölskyldur í Árnessýslu sem er geysimikið verk.

Brynjólfur lagði grunninn að Flóamannabók sem Jón M. Ívarsson er nú að skrásetja og eru 3. og 4. bindi um Villingaholtshrepp langt komin í vinnslu. Félagar Brynjólfs í Ritnefnd Flóamannabókar, Guðni Ágústsson formaður, Sigmundur Stefánsson gjaldkeri og Jón M. Ívarsson ritari heimsóttu Brynjólf á afmælisdaginn og færðu honum gjafir. Þar á meðal afmælisvísu sem fjórði félaginn, Guðmundur Stefánsson frá Hraungerði orti:



Brynjólfur og eiginkona hans Erla Eyþórsdóttir ásamt nokkrum afkomendum.

Heiðra viljum höfðingjann
sem hafði múriðn valið.
Síðan fékkst við fróður hann
Flóamannatalið.

Öflugt samstarf skóla og heimila



Þessa dagana lifnar samfélagið við á ný að loknu sumarleyfi grunnskólana. Mikil eftirvænting skín úr andlitum nemenda þegar skólastarfið hefst á nýjan leik og bros færist yfir andlit foreldra og forráðamanna þegar festa skóladagsins kemur römmum á lífið. Samfélagið kallar á samspilið sem verður til á milli heimilis og skóla og skólinn verður aldrei betri en þegar það samspil framkallar gæði.

Samkvæmt Lögum um grunnskóla frá 2008 skal foreldrafélag starfa við hvern grunnskóla á landinu. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimilis og skóla. Það er ekki að ástæðulausu að í 9. grein Laga um grunnskóla komi þetta skýrt fram því þó eðli foreldrastarfs við grunnskóla hafi verið í stöðugri þróun síðustu áratugi hefur mikilvægi þess verið viðurkennt og ljóst þeim sem að grunnskólastarfi koma.

Foreldrastarf hefur bæði þróast út frá verkefnum og áherslum skólastarfsins á hverjum tíma og einnig út frá tíðaranda samfélagsins og þeim verkefnum og viðfangsefnum sem þar eru efst á baugi. Sem dæmi um fjölbreytta aðkomu foreldrafélaga má nefna umsjón bekkjakvölda og viðburða, skipulagningu foreldrarölts og aðkomu að skipulagningu og framkvæmd forvarnarmála.

Að loknum heimsfaraldri skiptir miklu máli að blása í lúðra og efla samstarf heimilis og skóla en nokkuð hefur borið á því að virkni foreldra hafið fallið niður í faraldrinum og kjölfar hans. Þetta hefur gerst á landsvísu og hafa samtökin Heimili og skóli boðið foreldrafélögum stuðning og aðstoð við að koma krafti í foreldrastarf á ný þar sem þörf er á. Þar er m.a. lögð áhersla á mikilvægi bekkjartengla, fræðslu fyrir foreldra og forráðamenn ásamt hvatningu fyrir þátttöku foreldra í skólastarfi.

Foreldrafélag Vallaskóla á Selfossi hefur verið starfrækt síðan í nóvember 2022 eða frá stofnun skólans. Miðvikudagskvöldið 6. september næstkomandi fer fram aðalfundur foreldrafélagsins í Austurrými í Vallaskóla kl. 20:00. Þar gefst foreldrum og forráðamönnum kostur á að láta til sín taka og að láta rödd sína heyrast. Mjög miklilvægt er að þar verði öflug og góð mæting.

Að lokum vil ég vil hvetja foreldra og forráðamenn á Suðurlandi að vera virkir og sýna frumkvæði í samstarfi við grunnskólana. Faglegt og uppbyggilegt samtal um skólamál og farsæld grunnskólabarna er einn af stóru lyklum farsæls skólastarfs.

Páll Sveinsson, skólastjóri
Vallaskóla í Árborg.

Ferðanefnd FEBSEL og
Guðmundur Tyrfingsson bjóða upp á
haustferð í Kópavog miðvikudaginn
13. september 2023

Lagt af stað frá Grænumörk kl. 13.00.

Farið verður í Guðmundarlund í Kópavogi þar sem við fáum kynningu á tilurð hans.
Guðmundarlundur í Kópavogi er skógræktarreitur um 6,5 hektarar. Lundurinn er kenndur við Guðmund H. Jónsson stofnanda og forstjóra byggingarvörufyrirtækisins BYKO.
Síðan verður haldið að Hótel Kríunesi við Elliðavatn þar sem bíður okkar kaffihlaðborð á kr. 5,000 á mann.
Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

Ath.: Hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.
Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5
Þátttaka tilkynnist fyrir 7. september.

Hlökkum til fararinnar.
Helgi s. 8607032
Ingibjörg s. 8642972
Vigdís s. 8936564



STARF

Skelltu þér í rekstur og viðhald með okkur!

Við leitum að liðsauka í öflugt teymi starfsfólks okkar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, þar sem við rekum sjö vatnsaflsstöðvar og tvær vindmyllur.


Í starfinu felst viðhald, eftirlit og rekstur aflstöðva og veitumannvirkja. Starfið er fjölbreytt og krefjandi, en verkefni fela meðal annars í sér ástandsmælingar og greiningar á raf- og vélbúnaði.

Hæfni og þekking:
– Rafmagns- og/eða vélfræðimenntun
– Þekking á viðhaldi búnaðar; raf-, véla- og vökvakerfa
– Reynsla af raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
– Lipurð í mannlegum samskiptum og samstarfi
– Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
– Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 12. september
Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Fyrirspurnir um starfið má senda á
mannaudur@landsvirkjun.is

Landsvirkjun



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2716 Fimmtudagur 31. ágúst 2023

Söfnuðu rúmlega 1,3 milljónum fyrir Krabbameinsfélag Árnessýslu



Úthvíldir sjálfboðaliðar snúa nú til baka eftir gott sumarfrí og hafa opnað dyr Krabbameinsfélags Árnessýslu að nýju. Haustið er framundan í allri sinni litadýrð og hlökkum við að taka á móti ykkur í hlýlega húsnæði okkar að Eyravegi 31 á Selfossi.

Nýlega fór fram hið árlega Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka þar sem margir hlauparar safna áheitum til styrktar ýmissa félagasamtaka eða einstaklinga. Í ár voru sex öflugir hlauparar sem hlupu ýmist 10 km eða 21.1 km til styrktar Krabbameinsfélagi Árnessýslu. Aldrei hafa fleiri einstaklingar lagt félaginu lið í hlaupinu og erum við ólýsanlega þakklát fyrir þeirra framlag en fyrst og fremst gríðarlega stolt af þeirra afreki. Einstaklingarnir hafa ýmist sjálfir tekist á við krabbamein eða eru aðstandendur þeirra sem þegið hafa þjónustu félagsins. Stjórn félagsins bauð hlaupurum í heimsókn á Eyraveginn þann 24. ágúst og færði þeim þakklætisvott fyrir þeirra framlag en samtals söfnuðust 1.337.000 til styrktar félaginu.

Slíkur styrkur er ómetanlegur inn í starfsemi félagsins. Veitt er fjölbreytt einstaklings- og hópaþjónusta þar sem áhersla er lögð á andlegan, líkamlegan og félagslegan stuðning bæði í kjölfar krabbameinsgreiningar og meðferðar. Opið hús er þrisvar sinnum í viku mánudaga og miðvikudaga frá 11-15 og föstudaga frá 11-14. Allir eru velkomnir á opið hús þar sem sjálfboðaliðar taka vel á móti gestum, veita stuðning og upplýsingar um starfsemi félagsins.

Endurhæfing er í gangi allan veturinn þar sem áhersla er lögð á sálgæslu, líkamlega endurhæfingu og félagslegan stuðning.

Á komandi mánuðum verður ýmis fræðsla í boði fyrir félagsmenn og aðstandendur og hvetjum við ykkur til að fylgjast með á Facebook síðu félagsins. Verið er að uppfæra heimasíðuna og vonast er til að hún verði tilbúin fyrr en síðar.

Sími félagsins er 482 1022 og netfangið: arnessysla@krabb.is

Fyrir hönd
Krabbameinsfélags
Árnessýslu
Svanhildur Ólafsdóttir
formaður

Hjálmar Ólafsson er Sveitarlistamaður Rangárþings eystra



Hjálmar Ólafsson var valinn Sveitarlistamaður Rangárþings eystra 2023. Christiane L. Bahner, formaður Markaðs- og menningarnefndar, afhenti Hjálmari verðlaunin á Kjötsúpuhátíð á Hvolsvelli um helgina, en þetta var í níunda sinn sem viðurkenningin var veitt. Bæði einstaklingar og hópar hafa fengið þessa viðurkenningu síðustu ár.

Hjálmar hefur kennt smíði og útskurð hjá eldri borgurum sem njóta þekkingar hans og handleiðslu og það má sjá á sýningum á handverki eldri borgara að Hjálmar hefur leiðbeint vel. Hann hefur einnig kennt í Hvolsskóla.

Hjálmar vann, ásamt fleirum, að uppbyggingu á Gamla bænum í Múlakoti og þar hafa hæfileikar hans og nákvæmni notið vel. Hann hefur skapað hina fegurstu listmuni, miðlað þekkingu sinni til ungra og aldinna og hefur unnið að uppbyggingu og viðhaldi á gamalli byggingararfleið.

Hann hefur sl. ár búið til ýmsa fallega gripi, jólaskraut, bakka og fleira í þeim dúr og einnig skorið út íslensku húsdýrin.

Josera
BRAGÐ AF VÍNÁTTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777


Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrn.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is